

Stjórnarfundur 298

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
30.04.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 298
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:09 – 10:20	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sóley Björk Stefánsdóttir Þórhallur Jónsson		
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri Erla Björg Guðmundsdóttir Valgerðardóttir, mannauðsstjóri Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri		

Dagskrá:

- 1. Stjórn skiptir með sér verkum**
- 2. Launastefna Norðurorku**
- 3. Fjárhagsáætlun 2024 endurskoðuð**
- 4. Lánamál Norðurorku**
- 5. Önnur mál**

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Hlynur Jóhannsson setti fyrsta fund stjórnar eftir aðalfund. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar er að skipta með sér verkum. Stjórn samþykkti svofellda verkaskiptingu:

Formaður stjórnar: Hlynur Jóhannsson

Varaformaður: Geir Kristinn Aðalsteinsson

Ritari: Hilda Jana Gísladóttir

Meðstjórnendur:

Sóley Björk Stefánsdóttir

Póhallur Jónsson

2. Launastefna Norðurorku

Launastefna Norðurorku skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og lögð fyrir stjórn til samþykktar. Mannauðsstjóri fór yfir launastefnuna og þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Stjórn þakkar mannauðsstjóra fyrir góða kynningu og samþykkir launastefnuna.

3. Fjárhagsáætlun 2024 endurskoðuð

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 sem samþykkt var á 290. fundi og samþykkt endurskoðuð á 293. fundi var gert ráð fyrir 500 millj. kr. lántöku á árinu 2024. Nú blasir það við að taka þarf 800 millj. kr. lán. Fjármálastjóri lagði fram og kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun 2024 þar sem gert er ráð fyrir 800 millj. kr. láni.

Stjórn samþykkir breytingu á fjárhagsáætlun 2024 þar sem gert er ráð fyrir 800 millj. kr. láni.

4. Lánamál Norðurorku

Í samræmi við endurskoðaða fjárhagsáætlun er lagt til að Norðurorka taki lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 800 mkr.

Stjórn Norðurorku hf. samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 800 mkr. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir í hitaveitu. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Þá hefur stjórnin kynnt sér gildandi græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga og samþykkir að ráðstöfun lánsins falli að henni.

Jafnframt er Eyþóri Björnssyni, 140865-5409, forstjóra Norðurorku hf., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Norðurorku hf. að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar, Svalbarðsstrandahrepps og Þingeyjarsveitar, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setur sveitarfélagið til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga.

5. Önnur mál

a) Eimur hefur kynnt hugmyndir um stækkun starfssvæðis. *"Ráðuneytið, Landsvirkjun og SSNV hafa verið frá síðasta hausti í viðræðum varðandi mögulegt samstarf um nýsköpunarverkefni. Niðurstaðan var að skoða möguleika á að stækka starfssvæði Eims yfir á Norðurland vestra. Ef af yrði þá væri gert ráð fyrir tveimur verkefnisstjórum hjá Eimi með starfsstöð á NV og 40 m.kr. árlegu framlagi aukalega til Eims."*

Stjórn gerir ekki athugasemdir við hugmyndina.

b) Varamaður í stjórn Vistorku. Föstudaginn 17. maí verður aðalfundur Vistorku. Gæðastjóri Norðurorku hefur verið varamaður í stjórn Vistorku um árabíl en hún gefur ekki kost á sér áfram. Aðalmaður Norðurorku í stjórn Vistorku er stjórnarmaður, Þórhallur Jónsson.

Stjórn gerir tillögu um Sóleyju Björk Stefánsdóttur sem varamann í stjórn Vistorku.

c) Starfsreglur stjórnar. Nýskipuð stjórn undirritar starfsreglur stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20